1. **Árni "frændi".** 7 blöð qto.

# 1. Árni "frændi". 7 blöð qto.

# Árni „frændi"

Um midja 19. öld var uppi madur sá í Hrunamannahreppi í Árnessýslu, er Árni hét og nefndur var Árni „frændi", en svo var hann nefndur sökum þess, ad hann nefndi þá menn flesta er hann taladi vid, frændur sína. Talid var, ad Árni þessi hafi flutt austur þangad af Vesturlandi. Fremur þótti hann fávís, ~~og~~ sjálfhælinn mjög og einkennilegur í svörum. Margar sögur gengu um Árna þar eystra, en flestar munu þær nú gleymdar. Hér birtast þó nokkrar þeirra, ritadar eftir minni manns eins, er ólst uppi í Hrunamannahreppi og heyrdi þær þar í ungdæmi sínu.

Árni bjó um tíma í Reykjadals-koti, sem er (eda var) kirkjujörd frá Hruna. Var séra Jóhann Kr. Briem prófastur sóknarprestur þar og bjó ad Hruna.

Einhverju sinni bar svo vid, ad messad var í Hruna, kl. 10 árdegis og hafdi messubod verid látid ganga um þad til allra sóknarbænda ádur, því bædi var þetta óvenjulegur messutími og sérstök ástæda til, sem þó er ekki getid hver verid hafi, en bodin til Árna frænda höfdu misfarist; þegar hann svo kemur til kirkjunnar á venjulegum tíma eda um hádegisbilid, mætir hann söfnudinum, sem var ad ganga út úr kirkjunni. Verdur Árni þá fjúkandi reidur og segir:

„Hún skal ekki ganga af göflunum, hún Hrunakirkja, af olnboga skotunum frá mér hér eftir, fyrst hún getur ekki haldid uppi réttum „tíma" á sér, eins og hver önnur leigufær skepna"! (Nýr?)

— " —

Svo er háttad lands-lagi þar í sveit, ad lönd Reykjadals og Hruna

liggja saman og skilur Litla-Laxá löndin. Á vorin og sumrin er á þessi mjög vatnslítil, nema ef stórrigningar eru, en þá verður hún oft æði vatnsmikil í bili, eins og ýmsar aðrar ár þótt stuttar séu og mörg gil og lækir renna að.

Austan árinnar eru engjar þær frá Hruna, er Kelduhvammar nefnast og sést ekki til þeirra frá bænum. En vestanmegin árinnar er aftur á móti beitiland frá Reykjadalskoti og því eigi ótítt að fénaður sæki yfir um ána og í engjarnar hinumegin þegar hún er lítil vexti og rennur á eyrum.

Einhverju sinni sem oftar bar svo við, að séra Jóhann Kr. Briem fór að heiman frá sér út að Kópsvatni, en þar bjó þá Sigurður hreppstjóri Magnússon og var gott vinfengi milli þeirra, prestsins og Sigurðar. Þegar prestur kom út á hinar svonefndu Brúnir, sér hann að Reykjadalskotskýrnar eru á beit í Kelduhvömmunum og var þetta skömmu fyrir sláttubyrjun. Prestur rak þá kýrnar út yfir ána aftur og hefir sennilega rekið þær nokkuð hart, en eins og kunnugt er, reka kýr venjulega halann sinn í loft upp ef þær eru reknar hart yfir ár eða vötn, þó grunn séu og svo var nú. Árni sá til ferða prestsins og kúnna og fylltist bræði mikilli yfir svo ómannúðlegri meðferð hans á kúnum; fer hann því í veg fyrir prestinn og hreytir í hann fúkyrðum nokkrum. En um viðureign þeirra prests og Árna er bezt að láta hinn síðarnefnda hafa orðið, eins og hann sagði frá henni oft og mörgum sinnum síðar, þá er hann var hættur búskap og dvaldi á ýmsum bæjum í elli sinni. Málfari Árna er haldið óbreyttu:

„Það var einusinni þegar je var í Reykjadalskoti, þá sá je hvar ann séra Jóhann kom með alla halana upp í loftið. Þá saggi hann, að je

mátti ekki beita, kúnni minni í Keldukvamminn. Þá sagga je, rétt si sona sagga je, að það væri hvorki taða né tún í Reykjadalskoti til að gefa kúnni inni allan sláttinn. – Þá saggi hann, að je skyldi ekki búa lengi í Reykjadalskoti ef je beitti Keldukvamminn. Þá sagga je, rétt si sona sagga je: Þú skalt ekki lengi gúlp' á kúnni minni, séra Jóhann. Hann varð orðstirna og kreyma og gat ekkert sagt, því það hvomsaði í honum eins og botnlausu keraldi, e-a há slegið er klink á hurði, og var je þó hvörki löglesinn né lærafróður, eins og hann. Þótti þér ég ekki svara honum vel og standa mig gott, frændi?"

—— „ ——

Árni var einn meðal hinna svonefndu réttabænda, þ.e., hann bjó á jörð þeirri er fjárréttirnar voru haldnar, en það var gömul venja og jafnvel hefð, að réttabóndinn fengi alla ómerkinga, eða þær kindur, er menn eigi gátu helgað sér, vegna þess hve markið var óglögt: Markið illa gert í fyrstu, eyrað kalið o.s.frv. eða þá að landsbændur vildu ekki kannast við lömb sín, þótt alitið væri að þau fylgdu þeim. Árni hélt fast í rétti sínum með ómerkingana og slepti þeim því aðeins, að hann gæti ekki undan því komizt.

Einhverju sinni var maður nokkur að lýsa eftir ómerkingi, sem þó var eitthvað sérstaklega auðkendur á honum. Við þessu sinni, sem oftar og svo margir aðrir í réttinni á þeim tímum, allvel kendur af víni og varð málóði mjög er hann varð var við kröfur mannsins til ómerkingsins og sagði:

„Hún systir hennar Guðnýjar minnar er hrdjúfra, með fullu jafni og ekkert lamb undir henni heldur en mér og mi kennur

því og lýsi eftir lambi með skoru, sem ég á og svona gengur það!"

——— " ———

Öðru sinni var það að unglingsmaður einn frá Árna fór í haustgöngur og þótti hann svo illa fataður, að fjallkóngurinn varð að fá buxur að láni handa honum á öðrum bæ er næstur lá afréttinum og ávítaði fjallkóngurinn Árna fyrir útbúnaðinn á manninum þegar í réttirnar kom að fjallgöngunum loknum. Árni brást illa við þessu og sagði:

„Ég hefi alla mína æfi riðið til fjalls í bættum buxum, þröngum buxum og hinseginbuxum, víðum buxum og hinseginbuxum, í stuttum buxum og hinseginbuxum, löngum buxum og hinseginbuxum og aldrei fengið lánsbuxur."

——— " ———

Árni fékk orð fyrir að vera sínkur á góðgerðir við gesti og gangandi og harðknífinn í viðskiftum.

Kona hans hét Guðný Jónsdóttir frá Jaðri. Fór hún að Hörgsholti sem niðursetningur árið 1882, komin yfir áttrætt. Sagði hún þeim, er þetta ritar (höfundi sagnanna eða uppskr. ritara) ýmislegt það, er á daga hennar hafði drifið.

Þegar gesti bar að garði í Reykjadalskoti, var mælt að Árni hefði stundum sagt við Guðnýju konu sína: „Farðu fram og hitaðu manninum kaffi, kaffi' að ster(k)t, kaffi' að ster(k)t, það er ekki svo oft sem hann kemur og fær gott kaffi." En þegar Guðný var komin fram í bæjargöngin, fór Árni á eftir henni og sagði: „Kaffi' að <u>ekki</u> ster(k)t, kaffi' að <u>ekki</u> ster(k)t, það er fullgott hand' onum samt, svíkjusnápinum þeim arna!"

Sagði þá Guðný: „Ég heyri, en kaffið hef ég eins og mér sýnist!“

— — —

Á þeim tímum var venja sú í sveitinni að bera gestum brennivín, þótt ekkert annað væri veitt. Árni átti staup eitt úr kristalli og bauð hann gestum venjulega að drekka brennivín úr því, þótt svo lítið væri sem von fingurbjörg.

Einhverju sinni kom Gunnar Einarsson í Dalbæ til Árna. Gunnari þótti gott „að fá sér í staupinu“ sem kallað var og vildi Árni nú gefa honum í brennivíni úr litla staupinu, en Gunnar kvaðst ekki geta rennt brennivíninu niður, nema staupin væri tvö. Varð þá Árna að orði: „Mikill bölv. fíkur ertu í brennivín, Gunnar.“ Og lét hann við það sitja, að hafa eigi fleiri staupin en eitt.

— — —

Árni þóttist vera hagmæltur vel og jafnvel skáld. Tvær „vísur“ hefi ég heyrt eftir hann, en hvort það er skáldskapur, skal ég ekki um segja. Vísurnar eru svona:

„Einar Dala maður vænn
gjörir mönnum greiða
hann ég þekki
en heimskir sjá það ekki“

Þetta „orkti“ Árni í tilefni af því að Gunnar Einarsson í Dalbæ, sá, er áður er nefndur, hafði gjört honum einhvern greiða og þóttist Árni nú sína rausn sína við hann með vísunni (sbr. „heimskir sjá það ekki“)

Um stúlku eina, sem þótti fornem, kvað Árni þessa vísu:

„Turba mín er ófróðu,
en þó löt að læra;

enginn getur að því gert, þótt ekki kunni hún kvæðið."

—— Guðný, kona Árna, sagði oft frá því í elli sinni, hvernig það hefði gengið til með giftingu hennar og Árna. Er best, að hún <u>sjálf</u> segi frá því:

Það var árans ekkisen ennilóri þarna í sveitinni hjá okkur um vorið og fram á sumar: Allir runnu út í óhengju innan skömm, en ég fékk nú samt ekki þennan óþverra fyr en nóttina áður en við áttum að fara til Hrunakirkju til þess að láta pússa okkur saman og kveið ég hálfpartinn fyrir því, að eiga að setjast á brúðarbekkinn, svona á mig komin. Ég vissi, að ekki mátti fresta brúðkaupinu því þá hefði hann Árni minn steinhætt við allt saman og við vera ógift enn í dag, því hann vildi eiginlega aldrei að við giftumst. En hún Gunsa mín var ekki ráðalaus. Ég fór í stífhelt og svellþykkt skothald af honum Árna mínum, sem ég vissi að ekki lekti nokkrum dropa; það var nokkuð snjáð og gljáði á því eins og fægðan öngul, en hvað gerði það til, því ég var ekki í öðrum brókum. Svo tók ég vænan krosshárslinda og batt um báðar skálmarnar eins fast og ég gat, rétt fyrir neðan hnén og lét svo ófétið og heila draslið fara eins og það vildi um daginn. En þegar hann séra Jóhann kom til okkar að lesa upp spurningarnar fyrir okkur, rétti hann Árni minn honum baukinn sinn og tóku þeir tvisvar duglega í nefið á meðan á þessu stóð.x Þegar við svo komum heim frá kirkjunni eftir allt saman, fór ég úr haldinu fleygði því upp á fjósveginn og fór að leita að kúnum og fann þær ekki fyrir eftir háttumál, langt fyrir utan Högnastaðaás, en þá var honum Árna mínum farið að lengja svo eftir mér í bólið, að hann sagði við mig, þegar hann sá mig, blessunin hann Árni, sem von var:

x <u>Svona</u> eru þessir blessuðu tóbaksmenn: <u>Altaf</u> að taka í nefið!

„Ég var farinn að halda, að það ætlaði að verða stutt gaman, skemtilegt, hjónabandið okkar, Guðný mín, og að við ættum ekki að fá að sofa saman fyrstu nóttina." — „En allt fór nú vel og ég hafði ekkert uppá hann að klaga. Mér hefir oft dottið það í hugsíðan og jafnan sagt, að það væri ekki fyrir þær allar, tildurs-rófurnar nú á dögum, að fara í fötin hennar Guðnýjar gömlu frá Reykjadalskoti þegar hún var ung og stóð uppí sitt besta. Ojæja! Ég held að þær létu það vera, kindurnar þær arna."

Svona sagðist gömlu konunni, þegar hún var að segja frá því markverðasta er fyrir hana hefði borið á lífsleiðinni og það mun rétt til getið hjá henni, sem hún sagði, að þær mundu ekki verða margar, stúlkurnar nú á dögum, sem væri færar til eða vildu fara í fötin hennar" og búa sig til brúðkaups síns eins og hún gerði, enda munu þær ekkert stokkhaldið eiga. — „ —

Guðný hafði gifst áður Páli nokkrum, en hvernig hún bjó sig til brúðkaups síns þá, segir ekki sagan. Í hvorugu hjónabandinu varð henni barna auðið, en utan hjónabands átti hún tvö börn, annað þeirra með manni nokkrum er nefndur var Stóri-Þórður og veit ég engin deili á honum né börnum hennar.

——— „ ———

(Sagnir þessar eru teknar eftir handriti Árna sál. Árnasonar (Briem?) bónda í Oddgeirshólum, dáinn varið 1936); orðum breytt, en efni ekki.

[signature]